

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um 44
afhending Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum. 13. ágúst

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., þar sem þjer skýrið frá því, að prófasturinn í Suður-Múlaprófastsdæmi, hafi með brjefi 24. f. m. sent yður eftirrit afhendingargerðar, sem fram fór í Þingmúla 17. f. m., þar sem söfnuðurinn samþykkir að taka við kirkjunni í Þingmúla eins og hún nú er, ásamt því, er kirkjunni fylgir og fylgja ber, gegn því að greiddar verði með kirkjunni sem álag á hana þær kr. 1078,81, sem við yfirúttekt 1925 voru metnar í álag á hana að frádregnum sjóði kirkjunnar í hinum almenna kirkju-sjóði, skal yður hjermeð tjáð, að ráðuneytið samþykkir tjeða afhendingu Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum með 1078,81 króna álagi.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um 45
flutning sóknarkirkjunnar að Presthólum. 20. ágúst

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Presthólasókn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi megi flytja kirkju sína frá Presthólum að Snartarstöðum, með því skilyrði, að hið nýja kirkjuhús verði reist heima við bæ á Snartarstöðum, en eigi utan túns.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50 watt	kr.	32.00
—	75 —	—	48.00

46

2. apríl